

## S A M Þ Y K K T

112

28. júní

## fyrir Veiðifélag Víðidalárs.

## 1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Víðidalárs. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

## 2. gr.

Félagssvæðið er: Bjargaós, Miðhópsvötn ásamt Gjúfurá fram að fossi í Gestalaut, Víðidalsá fram að Kolufossi og Fitjaá fram að Bjarnafossi. Þar til heyra þessar jarðir: Þingeyrar, Leysingjastaðir, Hagi, Hólabak, Miðhóp, Gröf, Refsteinsstaðir, Laufás, Árnes, Sólbakki, Nýpukot, Þorkelshóll, Lækjamót, Þórukot, Stóra-Ásgeirsá, Litla-Ásgeirsá, Dæli, Hvarf, Ytra-Kolugil, Syðra-Kolugil, Bakki, Víðidalstunga, Víðidalstunga II, Ytri-Valdarás, Syðri-Valdarás, Kambhóll, Efri-Fitjar, Neðri-Fitjar, Fremri-Fitjar, Fremri-Fitjar II, Stóra-Hvarf, Hrisar, Auðunarstaðir, Auðunarstaðir II, Brautarland, Galtanes, Síða, Litla-Borg, Syðri-Stóra-Borg, Ytri-Stóra-Borg, Gottorp og Ásbjarnarnes.

## 3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og leigja það til stangarveiði eða nytja veiðina á annan hátt, samkvæmt landslögum. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu. Heimilt skal þó veiðieigendum við Hóp, að leggja silunganet frá landi á tímabilinu frá 1. apríl til 31. maí og 1. ágúst til 15. september ár hvert. Aldrei skal þó netalengd fara fram úr 30 metrum hjá hverjum landráðanda.

## 4. gr.

Stjórn félagsins skipa 5 menn. Skulu þeir kosnir á aðalfundi félagsins til þriggja ára í senn og skipta þeir sjálfir með sér verkum. Enginn félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema hann hafi verið þrjú ár í stjórn. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til sama tíma.

## 5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins á milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Á stjórnarnefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum og er formanni skylt að boða til fundar, ef meiri hluti stjórnarinnar óskar þess.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Á leyfum skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

## 6. gr.

Aðalfund skal halda fyrir 15. apríl ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn þá.

## 7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, gjaldskrá, fundargerðir og bréf.

B 37

112

28. júní

Arð af sameiginlegri veiði skal skipta niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

8. gr.

9. gr.

Endurmat á arðskrá félagsins skal fara fram á fimm ára fresti, ef einn eða fleiri félagmenn krefjast þess.

10. gr.

Brot á samþykktum þessum varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53 1957 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 28. júní 1960.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

113

28. júní

## ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Víðidalrás.

|                                      |               |
|--------------------------------------|---------------|
| Pingeyrar .....                      | 300 einingar. |
| Leysingjastaðir .....                | 19 —          |
| Hagi .....                           | 33 —          |
| Hólabak .....                        | 21 —          |
| Miðhóp .....                         | 22 —          |
| Gröf .....                           | 5 —           |
| Refsteinsstaðir .....                | 27 —          |
| Laufás .....                         | 17 —          |
| Árnes .....                          | 17 —          |
| Þorkelshóll, Nýpukot, Sólbakki ..... | 48 —          |
| Lækjamót .....                       | 19 —          |
| Þórukot .....                        | 8 —           |
| Stóra-Ásgeirsá .....                 | 20 —          |
| Litla-Ásgeirsá .....                 | 5 —           |
| Dæli .....                           | 10 —          |
| Hvarf .....                          | 19 —          |
| Kolugil .....                        | 6 —           |
| Bakki .....                          | 12 —          |
| Víðidalstunga .....                  | 94 —          |
| Valdarás .....                       | 8 —           |
| Kambhóll .....                       | 7 —           |
| Neðri-Fitjar .....                   | 10 —          |
| Stóra-Hvarf .....                    | 3 —           |
| Fremri-Fitjar (Tryggvi) .....        | 8 —           |
| Fremri-Fitjar (Guðmundur) .....      | 7 —           |
| Hrísar .....                         | 12 —          |
| Auðunarstaðir .....                  | 36 —          |
| Brautarland, Galtarnes .....         | 43 —          |